

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 19. ágúst 2019
UST201907-119/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Kerið – Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grímsnes – og Grafningshrepps er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kerið í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir þremur lóðum, þar af ein fyrir allt að 1000 m² gestastofu og nýju bílastæði fyrir allt að 120 bíla og 12 rútur. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum vegamótum og aðkomuvegi austast á svæðinu og núverandi bílastæði og innkeyrsla verður aflögð. Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir göngustígum, áningarstöðum, upplýsingaskiltum og lýsingu. gert ráð fyrir stækkun umfang tilfærsla

Gróðurfar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gróðurfari og lífríki sé lýst á svæðinu sérstaklega þar sem tillagan gerir ráð fyrir umtalsverðu raski með gerð bílastæða, aðkomu, veglagningar og þjónustubyggingar á tiltölulega óröskuðu svæði. Einnig telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í kafla 6. „Áhrif á umhverfið“ hver áhrif framkvæmdanna verða á umhverfið, gróðurfar og lífríki.

Jarðminjar og birki

Í greinargerð kemur fram að Kerið sé gjallgígur og telur því Umhverfisstofnun að jarðminjarnar falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess telur Umhverfisstofnun að uppbygging bílastæða og þjónustumiðstöðvar á óröskuðu landi geta haft áhrif á birkikjarr, en Umhverfisstofnun telur birkið falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessi atriði komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra

náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun lítur svo á að yfirfara þurfi og bera saman mismunandi valkosti staðsetningar mannvirkja með hliðsjón af verndarstöðu náttúruyfyrirbæranna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Frágangur eldri bílastæðis og villustíga

Í greinargerð kemur fram að mikilvægt sé að vanda frágang og bæta ásýnd svæðisins og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verða farnar varðandi frágang núverndi innkeyrslum, bílastæðis og þeim villustígum sem eru á svæðinu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Ásýnd

Umhverfisstofnunar tekur undir mikilvægi þess að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi

að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Gjaldtaka

Í greinargerð kemur fram að árið 2008 var tekin upp gjaldtaka fyrir aðgang að Kerinu til að standa straum af kostnaði við stígagerð og viðhald.


Kerið er á náttúruminjaskrá. Umrætt svæði er nr. 746 og geymir Kerið og Tjarnarhóla, Grímsneshreppi, Árnessýslu: (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni, sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir. Vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.

Svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá teljast til náttúruverndarsvæða, sbr. b-liður 17. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun benti á í júní 2014 á að gjaldtaka við Kerið og önnur svæði á náttúruminjaskrá stæðist ekki lög að mati stofnunarinnar. Þá benti stofnunin á að ekkert í eldri lögum heimilaði gjaldtöku á öðrum ferðamannastöðum þótt þeir væru ekki á náttúruminjaskrá. Lagaumhverfið sem þá var í gildi væri einfaldlega ekki nægilega skýrt og brýnt að bæta úr því.


Í nóvember 2015 tóku gildi ný lög um náttúruvernd og í umsögn Umhverfisstofnunar um ný lög um náttúruvernd (<http://www.althingi.is/alttext/erindi/145/145-148.pdf>) kom m.a. fram ábending stofnunarinnar um að skýra þyrfti stöðu landeigenda hvað varðar heimildir þeirra til gjaldtöku inn á svæði. Túlkun stofnunarinnar á heimildum landeigenda til gjaldtöku skv. nýjum lögum um náttúruvernd liggur ekki fyrir en þarna kunni að stangast á stjórnarskrárvarinn eignarréttur annars vegar og almannaréttur hins vegar.

Í 7. ákvæði til bráðabirgða í fyrrgreindum lögum segir að Ráðherra, í samráði við hlutaðeigandi ráðherra, skal láta vinna frumvarp um ný ákvæði er taki til stýringar á ferðaþjónustunni með hliðsjón af reglum um almannarétt og á grundvelli náttúruverndar og nauðsynlegrar auðlindastýringar sem nýting ferðaþjónustunnar á náttúrunni hefur óhjákvæmilega í för með sér eigi síðar en á haustþingi 2017. Umhverfisstofnun hefur ítrekað mikilvægi þess að fá skýrari ákvæði í náttúruverndarlögum um gjaldtöku einkaaðila.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur